

Aðalfundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins
haldinn í höfuðstöðvum Landsvirkjunar, Bríetartúni, Reykjavík
föstudaginn 4. apríl 2025, kl. 10:00.

Mætt voru Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir og Vilhelmina Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

Ársskýrsla 2024

Ársskýrsla liggur fyrir. Stjórnarmenn hjálpuðust að við efnistöð og ritun hennar og BHÁ sá um uppsetningu. Skýrslan í ár er metnaðarfull og lýsa stjórnarmenn ánægju með skýrsluna.

Umræður fóru fram um núansa í orðalagi sem ákveðið var að laga.

Skýrslan samþykkt einróma af öllum stjórnarmönnum. GF mun sjá um prentun skýrslunnar sem mun ganga á milli stjórnarmanna til undirritunar.

Ársreikningur 2024

Liggur fyrir. Umræður fóru fram.

Samþykktur einróma af stjórn og stjórnarmenn undirrita reikninginn.

Skýrsla Iceland inn Travel (rekstraraðila/leigutaka) til hússtjórnar

Ferðasumarið 2024 gert upp af rekstraraðilum í skýrslunni. Jarðhræringar á Reykjanesi o.fl. gerði það að verkum að rólegra var í ferðaþjónustu en fyrri ár. Árið 2024 heimsóttu 7.900 gestir bæinn sem er fækkun frá fyrra ári, en sumarið 2023 heimsóttu 8.400 gestir bæinn. Um er að ræða heildarfjölda gesta, bæði greiðandi og t.d. börn sem fá gjaldfrjálsan aðgang.

Þjóðveldisbærinn var opinn gestum og gangandi þann 17. Júní. Viðburðurinn heppnaðist vel, en þann dag var ókeypis inn í bæinn.

Rekstraraðilar telja sig eiga inni varðandi að geta fengið fleiri gesti og eru í markaðssetningu og átaki til þess. Í skýrslunni eru reifuð helstu verkefni sem þau standa í og ný verkefni sem þau eru að þróa varðandi menningarviðburði.

Þjóðminjavörður mun aftur standa fyrir námskeiði með rekstraraðila og starfsfólki þess í vor með fræðslu o.fl. um bæinn.

Rætt um fjárhæð leigugreiðslu vegna ársins 2025. Fjárhæð leigu tekur mið af gestafjölda og opnunardögum.

GF segir að samstarf við leigutaka hafi gengið vel.

Heimasíða þjóðveldisbæjarins

Rekstraraðilar halda úti heimasíðu vegna starfsemi sinnar í bænum. Umræður fóru fram um að leggja heimasíðu sem hússtjórnin heldur úti niður. Umræður fóru fram og ákveðið að bíða með endanlega ákvörðun.

Viðhaldsframkvæmdir

Fyrirhugað er að Unnsteinn byrji framkvæmdir nú strax eftir páska, 28. apríl – 16. maí.

Rætt um efniskaup, timbur í sperrur. GF hefur átt í samskiptum við heimafólk vegna þessa.

Rætt um að hellur verði teknar úr lofti. Upp hafa komið sjónarmið að setja hellurnar í gólfíð, til að auka rykbindingu. Rætt um álit fornleifafræðinga og annarra fræðimanna á að setja hellurnar á gólfíð, sem mætir andstöðu frá fræðafólki. Horfa verður til gestafjölda og ágangs á bæinn og ljóst að gera þarf viðeigandi ráðstafanir varðandi ásættanlega rykbindingu, t.d. með gufustæðum sem líta út eins og eldstæði (eru nú þegar til staðar en komin til ára sinna). Rætt um loftræsingu í bænum og raka.

Umræður fóru fram. Þjóðminjavörður ræddi breytingar í starfsmannahópi ÞÍ og húsasafnsins. Mikilvægt að koma strax á samtali milli nýs starfsmanns Þjóðminjasafnsins og Unnsteins varðandi efnisval o.fl. í tengslum við viðhaldið.

HP ræðir efniskaup. Skv. samningi greiðir hússtjórn fyrir allt efni. HP ræðir um hvar efnið sé útvegað og hvort það sé allt klárt og Unnsteinn hafi þá kontakta sem þarf til að nálgast efni. GF mun taka stöðuna með Unnsteini eftir helgi vegna efnismála. Ljóst að hússtjórn og Unnsteinn þurfa að eiga samstarf um efniskaupa.

Hússtjórn stefnir á fund í Þjórsárdal með Unnsteini meðan á viðhaldi stendur, t.d. fyrstu vikuna í maí. Rætt um að 8. maí sé heppilegur fyrir hússtjórn. GF sendir fundarboð og staðfestir þegar nær dregur.

Önnur mál

GF ræðir að útidyrhurðin að bænum sé orðin illa farin og að mögulega þurfi að skipta um hana fljótlega.

GF heyrði í verkefnisstjóranum fyrir Eiríksbúð í gær. Er með tvo verkfræðinga að gera mælingar vegna vatnsmála. Koma þarf lög्न fyrir að bænum vegna breytinga á vatnsmálum, þyrfti helst að vera búið að ganga frá fyrir opnun bæjarins um miðjan maí. Mögulega mætti nota samlegð með verktakanum sem er að setja niður rotþró til að finna lögnina og setja niður nýja lögn. GF og BHÁ taka áfram.

GF ræddi um rafmagnstengingu. Reikningurinn frá RARIK var 5 m.kr. en ekki 6 m.kr. eins og gert hafði verið ráð fyrir. Öllum verkefnum er þó ekki lokið og ljóst að greiða þarf fyrir frekari vinnu við að klára málið að fullu. Vinna við rafmagnstengingu gengur vel og GF bjartsýnn á að klárast mjög fljótlega að tengja heimtaugina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45.